

# Siðareglur VFÍ (Drög)

## Virðing og jafnrétti

„Meðlimir VFÍ sýna vinnufélögum, samstarfsfólki og viðskiptavinum tillitssemi og virðingu, óháð kyni, lífskjörum, þjóðfélagsstöðu, menningu og kynþætti.“

Þetta felur í sér:

- að koma fram af tillitssemi, sanngirni og virðingu
- að virða siðvenjur og menningarleg gildi
- að hafa í heiðri jafnrétti kynja og kynstofna
- að virða fag- og ábyrgðarsvið annarra og vinnuframlag þeirra
- að stuðla að góðum starfsanda með einlægni, heiðarleika og umburðarlyndi

## Fagleg ábyrgð og ráðvendni

„Meðlimir VFÍ gera sér grein fyrir faglegri ábyrgð sinni og vinna í samræmi við viðurkenndar gæðakröfur.“

Þetta felur í sér:

- að viðhalda og endurnýja stöðugt þekkingu sína og færni
- að deila þekkingu sinni og færni með samstarfsfólki
- að vinna verk sín á faglega ábyrgan hátt
- að virða lög og reglur samfélagsins og stéttar sinnar
- að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna
- að gera verkkaupa grein fyrir þeim tengslum eða hagsmunum, sem gætu gert starf hans í þágu verkkaupa tortryggilegt
- að taka ekki við þóknun eða fríðindum frá þriðja aðila í sambandi við verkið, nema með samþykki verkkaupa, eða bjóða fram til þriðja aðila slíka þóknun eða fríðindi

## Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni

„Meðlimir VFÍ eru meðvitaðir um áhrif verka sinna á samfélag, umhverfi og náttúru“

Þetta felur í sér:

- að hafa ávallt í huga öryggi, heilsu og velferð almennings
- að stuðla að því að tæknilegar lausnir séu miðaðar við sjálfbærni og ábyrga nýtingu auðlinda
- að vera heiðarlegur og opinn um margþætt áhrif tæknilegra lausna og annarra verkefna, og greina frá atriðum sem gætu ógnað öryggi almennings eða verið skaðleg umhverfinu
- að stuðla að upplýstri samfélagslegri umræðu með því að taka þátt þegar hún beinist að fagsviði verkfræðingsins

Drög í júní 2010 / TS